

Nd.

299. Frumvarp

til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 45, 20. okt. 1913, um bjargráðasjóð Íslands.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen og Pjetur Þórðarson.

1. gr.

Frestað skal fyrst um sinn framkvæmd laga nr. 45, 20. okt. 1913, um bjargráðasjóð Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1919.

Greinargerð.

Erfiðleikar þeir, sem nú eru á öllum sviðum og fara daglega vaxandi, gefa fylstu ástæðu til þess að fresta fyrst um sinn framkvæmd þessara laga og ljetta af þjóðinni þeim álögum, sem lagðar eru á herðar henni með þessum lögum.